



FÁLKASKÁTAMÓT 2025

Upplýsingabréf 2



Fálkaskátamót verður haldið 7. - 10. ágúst 2025 á Þingvöllum. Undirbúningur að mótinu er í fullum gangi, dagskráin óðum að taka á sig mynd og allt að smella saman.

Þema, skreytingar og búningar

Þema mótsins er heldur betur viðeigandi fyrir staðsetninguna - Á víkingaslóð. Við hvetjum félögin til að skreyta tjaldbúðirnar sína í takt við þema mótsins. Það er alltaf skemmtilegt sveitarverkefni að föndra saman skraut fyrir tjaldbúðina. Þá hvetjum við einnig skátana að koma með víkingabúninga á mótið.

Matur

Allur matur er innifalinn í mótsgjaldi. Höfuðbólið deilir matartjaldi og þurfa félögin innan þess að verða sér út um það og búnaði til að elda með. Við hvetjum ykkur til að leyfa fálkaskátunum að spreya sig sjálf í eldamennskunni með aðstoð foringja. Dagskráin og matseðillinn tekur mið af því. Rafmagn á svæðinu er mjög takmarkað og munu félögin ekki geta tekið rafmagn inn í tjaldbúðina fyrir t.d. ísskápa eða önnur rafmagnstæki.

Skipting félaga í höfuðból

Ekki er búið að skipta félögum upp í höfuðból. Félög geta óskað eftir því að vera saman með því að senda okkur póst á falkaskatamot2025@skatarnir.is

Dagskrá mótsins

Dagskráin verður öll með víkinga og alþingisívaði. Skátarnir fá tækifæri til að spreya sig á handverki fyrri alda, elda úti, læra bogfimi og margt fleira. Á næstu blaðsíðu má sjá yfirlit yfir dagskrárbilin.

Dagskrá mótsins frh.

	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
8:00 - 9:00		Ræs og morgunmatur		
9:00 - 9:30		Tjaldbúðarskoðun		
9:30 - 11:30		Dagskrárbil 1	Dagskrárbil 3	Frágangur
11:30 - 13:30		Hádegismatur		
13:30 - 15:30		Dagskrárbil 2	Dagskrárbil 4	Menningarvaka / slit
15:30 - 16:30	Mæting	Kaffitími / valdagskrá og frjáls tími		Heimför
16:30 - 18:00	Tjaldbúðarvinna	Valdagskrá og frjáls tími		
18:00 - 20:00	Kvöldmatur			
20:00 - 21:00	Setning	Kvöldvaka hjá höfuðbólum		
21:00 - 22:00	Næturleikur	Fangaðu fánann	DISKÓ BLÓT	
22:00 - 23:00	Kvöldkaffi og undirbúning fyrir svefninn			
23:00	Kyrrð			

Menningarvaka og frágangur

Við hvetjum foreldra og forsjáraðila til að mæta í fráganginn fyrir hádegi á sunnudeginum, borða hádegismat með skátunum og njóta síðan menningarvökkunnar með okkur öllum áður en haldið er heim á leið.

Menningarvakann er kvöldvaka með örlítið breyttu sniði en mótinu verður slitið í beinu framhaldi af henni. Klassísku skátalögin og skemmtiatriðin verða á sínum stað og við hvetjum félögin til að undirbúa skemmtiatriði fyrir hana! Sendið okkur póst á falkaskatamot2025@skatarnir.is ef þið verðið með atriði.

Tjaldbúð

Á mótsvæðinu eru því miður engar trönur og munu félögin þurfa að útvega sér trönur sjálf ef þau vilja súrra hlið eða annað fyrir tjaldbúðina. Við mælum með því að höfuðbólin komi sér saman um flutning og notkun á trönum sé áhugi fyrir því.

Skjólið

Á staðnum verður Skjólið, sérstakt svæði fyrir börn sem þurfa að kúpla sig út og hlaða batteríin fjarri hávaða og áreiti. Verkefnið hefur m.a. verið keyrt á Drekkaskátamóti og gengið vel. Í mótstjórn situr manneskja sem sinnir þessu verkefni sérstaklega og er það í fyrsta skipti á fálkaskátamóti.

Keyrsla á svæðið

Félögin bera ábyrgð á að koma sínum þátttakendum á svæðið. Það er ekki innifalið í mótsgjaldinu. Nánari upplýsingar um bílastæði og komutíma munu berast félögunum þegar nær dregur mót.

Fjölskyldubúðir

Á mótinu verða ekki sérstakar fjölskyldubúðir en fjölskyldumeðlimir eru velkomnir

Skráning

Við minnum á að skráning er opin á skraning.skatarnir.is og henni lýkur á miðnætti 1. júlí. Mikilvægt er að skráningar berist á réttum tíma til þess að hægt sé að panta mat í tæka tíð fyrir mótið.

Fararstjórafundur 23. júní kl. 20:00

Mánudaginn 23. júní kl. 20:00 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, verður fararstjórafundur fyrir mótið. Einnig verður hægt að taka þátt rafrænt. Þar verður farið yfir praktískar upplýsingar og mótstjórn getur svarað spurningum um mótið.

Ef upp vakna spurningar varðandi mótið hvetjum við ykkur til að senda okkur póst á falkaskatamot2025@skatarnir.is

Með skátakveðju,
Mótsstjórn Fálkaskátamóts

